



Tillögur stjórnar VR að breytingum á reglugerð Sjúkrasjóðs VR

Aðalfundur VR 25. mars 2026

Blátt letur: Nýtt / breytt orðalag
Rautt letur: Texti felldur úr ákvæðinu
Grænt letur: Skýringar

Breytingar voru gerðar á skjalinu 24032026

Inngangur

Stjórn VR leggur til breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR til að bregðast við versnandi afkomu sjóðsins og gera honum betur kleift að takast á við skuldbindingar sínar til framtíðar. Hækkandi veikindatíðni undanfarin ár hefur veikt stöðu sjóðsins og er nú svo komið að hann er ekki sjálfbær.

Afkoma sjóðsins hefur verið neikvæð síðustu fjögur ár og eru vænt útgjöld sjóðsins til dagpeninga og dánarbóta um 97% af iðgjaldagreiðslum. Á árinu 2025 hækkuðu greiðslur sjúkradagpeninga um 11,9% samanborið við árið 2024, en á sama tíma hækkuðu iðgjaldatekjur um 5,3%.

Tryggingafræðileg úttekt á sjóðnum, sem gerð var árið 2025, sýnir að hann hafi lítið svigrúm til að bregðast við væntum útgjöldum eða leggja til framlag í VR varasjóð. Þá hefur sjóðurinn ekki það svigrúm sem hann þarf til að byggja upp sjóð fyrir hærri útgjöldum framtíðar en félagsfólk VR er að stórum hluta ungt fólk og framtíðarskuldbindingar miklar. Niðurstaðan er því sú að nauðsynlegt sé að grípa til aðhaldsaðgerða til að ná jafnvægi í rekstri sjóðsins.

Það er mat stjórnar að ekki sé forsvaranlegt að halda starfsemi sjóðsins áfram í óbreyttu formi og leggur stjórnin til að gerðar verðir breytingar til að tryggja áframhaldandi þjónustu við sjóðsfélaga.

Tillögur að breytingum

Tillögur stjórnar að breytingum á rekstri Sjúkrajóðs VR, sem fjallað er um á aðalfundi félagsins 2026, eru þessar helstar:

- Réttur til greiðslu dagpeninga verði að hámarki sex mánuðir í stað sjö áður. Rétturinn verði tvískiptur, að fjórum mánuðum liðnum er hægt að sækja um dagpeninga fyrir allt að tvo mánuði til viðbótar.
- Sjúkrasjóður VR greiði 80% launa að teknu tilliti til dagpeningagreiðslna frá Sjúkratryggingum Íslands.
- Sjúkradagpeningar atvinnuleitenda verði skilyrtir greiðslu iðgjalds í sjóðinn.
- Gerðar verði breytingar á dánarbótum eldri félaga.

Tillaga #1

9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

Núverandi hljóðan:

9.3 Sá aðili sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu.

Verður:

9.3 Sá aðili sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ **eða BSRB** öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu.

Skýring við tillögu #1:

Samkvæmt lögum ASÍ hefur launafólk sem flyst milli stéttarfélaga innan sambandsins rétt til dagpeninga og bóta eftir einn mánuð hjá nýja félaginu, enda hafi það fram að því átt rétt hjá sínu fyrra félagi.

Samkvæmt breytingum á lögum ASÍ, sem samþykktar voru á þingi sambandsins árið 2024, tekur þessi réttur nú einnig til félagsfólks sem flyst frá aðildarfélagi BSRB. Hér er um að ræða mikla réttarbót fyrir launafólk.

Verði þessi tillaga samþykkt, gildir sú samþykkt um svipað orðalag annars staðar í reglugerðinni, án þess að það sé tilgreint sérstaklega í þessari umfjöllun um breytingarnar.

Tillaga #2

9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

Núverandi hljóðan:

9.4

a) Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði VR með iðgjaldagreiðslum af atvinnuleysisbótum eða fæðingarorlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í VR þegar þeir misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða hófu töku fæðingarorlofs. Heimilt er þó að veita slík réttindi í Sjúkrasjóði VR þeim atvinnuleitendum sem greitt hafa félagsgjald til VR í a.m.k. 36 mánuði af síðustu 60 mánuðum fyrir skráningu á atvinnuleyssiskrá.

Verður:

9.4

a) Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði VR með iðgjaldagreiðslum af ~~atvinnuleysisbótum eða~~ fæðingarorlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í VR þegar þeir ~~misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða~~ hófu töku fæðingarorlofs. Heimilt er þó að veita slík réttindi í Sjúkrasjóði VR þeim ~~atvinnuleitendum~~ sem greitt hafa félagsgjald til VR í a.m.k. 36 mánuði af síðustu 60 mánuðum fyrir ~~töku fæðingarorlofs~~ ~~skráningu á atvinnuleysisrá.~~

Skýring við tillögu #2:

Ekki er greitt iðgjald í Sjúkrasjóð VR af atvinnuleysisbótum og myndast því ekki réttur til dagpeninga né bóta. Því leggur stjórn til að gerð verði breyting á orðalagi greinarinnar til að endurspeglja það.

Tillaga #3

9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

Núverandi hljóðan:

9.4

b) Fæðingarorlof telst til vinnutíma og skerðir ekki rétt til bóta svo framarlega að greitt sé félagsgjald af fæðingarorlofsgreiðslum.

Verður:

9.4

b) Fæðingarorlof telst til vinnutíma og skerðir ekki rétt til bóta svo framarlega að greitt sé félagsgjald **til VR** af fæðingarorlofsgreiðslum.

Skýring við tillögu #3:

Hér er verið að skýra orðalag í kafla um styrkveitingar úr Sjúkrasjóði þannig að ljóst sé að greiða þarf félagsgjald til VR af fæðingarorlofsgreiðslum svo réttur myndist til bótagreiðslna.

Tillaga #4

9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

Lagt er til að ákvæðið verði felld út úr reglugerð:

~~9.6~~

~~Heimilt er að veita rétt til dánarbóta og styrkja vegna þeirra sem láta af störfum eftir 67 ára aldur.~~

Skýring við tillögu #4:

Athugið að umfjöllun um réttindi félagsfólks sem lætur af störfum færir úr gr. 9 í gr. 11 Dánarbætur, sjá tillögu #7.

Lagðar eru til breytingar á rétti til dánarbóta vegna fráfalls eldra félagsfólks. Í núgildandi reglugerð eru dánarbætur vegna eldra félagsfólks mismiklar eftir því hve langt er um liðið frá því viðkomandi varð eldri félagi þegar hann féll frá. Fullar dánarbætur eru greiddar þegar ár eða skemmri tími er liðinn frá því viðkomandi varð eldri félagi en tæplega helmingur fullra dánarbóta þegar liðnir eru 60 mánuðir eða lengra. Rétturinn er þannig mismikill en ævilangur. Stjórn VR telur mikilvægt að leggja áherslu á rétt til dánarbóta vegna launafólks sem er á vinnumarkaði þegar það fellur frá. Tillögur stjórnar gera því ráð fyrir að dánarbótum eldra félagsfólks verði breytt þannig að heimilt verði að greiða fullar dánarbætur og styrki í allt að tvö ár vegna félagsfólks sem lætur af störfum vegna aldurs en réttur til dánarbóta fellur niður að tveimur árum liðnum.

Tillaga #5

10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

Núverandi hljóðan:

10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

Sjúkrasjóðurinn skal að greiða sjúkra- og slysadagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa og skulu þeir vera 80% af meðallaunum. Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til félags- og Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði er heimilt að meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði. Í þeim tilvikum þar sem félagi fær greiðslur fyrir sama slysa- og/eða veikindatímabil frá öðrum aðilum, svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks, er heimilt að greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá Sjúkrasjóði VR. Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja.

Verður:

10. gr. ~~Sjúkra- og slysa~~Dagpeningar

Sjúkrasjóðurinn ~~skal að~~ greiðra ~~sjúkra- og slysa~~ dagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa. ~~og skulu þeir vera 80% af meðallaunum.~~ Dagpeningar skulu, að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum frá Sjúkratryggingum Íslands, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til ~~félags- og~~ Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði er heimilt að meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði. Í þeim tilvikum þar sem félagi fær greiðslur fyrir sama slysa- og/eða veikindatímabil frá öðrum aðilum, svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks, er heimilt að greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá Sjúkrasjóði VR. Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja.

Skýring við tillögu #5:

Í þessari tillögu er í fyrsta lagi lagt er til að heiti greinarinnar verði breytt í ljósi þess að félagið greiðir ekki lengur slysabætur. Nafn greinarinnar endurspeglir það og verði Dagpeningar. Ekki er um efnislega breytingu að ræða.

Þá er í öðru lagi lagt til að gerðar verði breytingar á útreikningi dagpeningagreiðslna. Þær greiðslur skulu ekki vera lægri en 80% af meðaltali heildarlauna viðkomandi félaga þegar litið er til iðgjaldagreiðslna á síðustu sex mánuðum. Samkvæmt tillögu stjórnar er lagt til að við útreikning skuli taka tillit til greiðslna frá Sjúkratryggingum Íslands, bóta almannatrygginga, greiðslna úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu. Slíkar greiðslur dragist frá dagpeningagreiðslum Sjúkrasjóðs VR en voru ekki dregnar frá áður.

Tillaga #6

10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

Núverandi hljóðan:

10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

... Almennt skal það vera skilyrði greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði. Sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Þó skal

ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili. Komi til slíkrar skerðingar er viðkomandi félagsmanni heimilt að krefjast þess að málið verði lagt fyrir framkvæmdastjórn sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.

Fjöldi daga á greiðslutímabili er ákvarðaður af framkvæmdastjórn sjóðsins og staðfestur af stjórn VR og skal hann tilgreindur í starfsreglum sjóðsins hverju sinni. Greiðslutímabil getur aldrei verið styttra en sem nemur því lágmarki sem tilgreint er í gildandi viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaga ASÍ.

Verður:

10. gr. ~~Sjúkra- og slysa~~Dagpeningar

... Almennt skal það vera skilyrði fyrir greiðslu sjúkradagpeninga að umsækjandi fari í mat hvort starfsendurhæfing sé raunhæf. Ef starfsendurhæfing er metin raunhæf en umsækjandi hafnar henni er heimilt að fella niður dagpeningagreiðslur.

~~Almennt skal það vera skilyrði greiðslu sjúkra- og slysa dagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði. Sjúkra- og slysa dagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Þó skal ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili. Komi til slíkrar skerðingar er viðkomandi félagsmanni heimilt að krefjast þess að málið verði lagt fyrir framkvæmdastjórn sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.~~

Fjöldi daga á greiðslutímabili er ákvarðaður af framkvæmdastjórn sjóðsins og staðfestur af stjórn VR og skal hann tilgreindur í starfsreglum sjóðsins hverju sinni. Greiðslutímabil getur aldrei verið styttra en sem nemur því lágmarki sem tilgreint er í gildandi viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaga ASÍ.

Skýring við tillögu #6:

Í þessari tillögu er lagt til að skerpa frekar á skilyrði fyrir greiðslu dagpeninga. Lagt er til að umsækjandi fari í mat á því hvort starfsendurhæfing sé raunhæfur kostur fyrir viðkomandi en áður var gert ráð fyrir viðtali við ráðgafa og skoðun trúnaðarlæknis á gögnum vegna mögulegrar endurhæfingar. Hafni umsækjandi hins vegar starfsendurhæfingu sem metin sé raunhæf, verði sjóðnum heimilt að fella niður dagpeningagreiðslur.

Markmið þessarar breytingar er grípa fyrr inn í mál umsækjanda þar sem kannað er hvort starfsendurhæfing sé tímabær og raunhæf. Þetta er gert til að greiða leið umsækjanda að viðeigandi aðstoð, til að auka líkur þeirra á endurkomu á vinnumarkað sem og flýta fyrir endurkomu á vinnumarkað eftir veikindi.

Tillaga #7

11. gr. Dánarbætur

Núverandi hljóðan:

VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félaga. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

Heimilt er auk þess að greiða dánarbætur vegna barna félaga, yngri en 18 ára, eins og kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni.

Verður:

VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félaga. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

Heimilt er auk þess að greiða dánarbætur vegna barna félaga, yngri en 18 ára, eins og kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni.

Heimilt er að greiða dánarbætur vegna andláts félagsfólks sem uppfyllir skilyrði sem eldri félagar skv. lögum VR. Réttur til dánarbóta fellur niður tveimur árum eftir að viðkomandi varð eldri félagi.

Skýring við tillögu #7:

Skýring við tillögu #7 er samhljóða skýringu við tillögu #4 sem er svohljóðandi:

Lagðar eru til breytingar á rétti til dánarbóta vegna fráfalls eldra félagsfólks. Í núgildandi reglugerð eru dánarbætur vegna eldra félagsfólks mismiklar eftir því hve langt er um liðið frá því viðkomandi varð eldri félagi þegar hann féll frá. Fullar dánarbætur eru greiddar þegar ár eða skemmri tími er liðinn frá því viðkomandi varð eldri félagi en tæplega helmingur fullra dánarbóta þegar liðnir eru 60 mánuðir eða lengra. Rétturinn er þannig mismikill en ævilangur. Stjórn VR telur mikilvægt að leggja áherslu á rétt til dánarbóta vegna launafólks sem er á vinnumarkaði þegar það fellur frá. Tillögur stjórnar gera því ráð fyrir að dánarbótum eldra félagsfólks verði breytt þannig að heimilt verði að greiða fullar dánarbætur og styrki í allt að tvö ár vegna félagsfólks sem lætur af störfum vegna aldurs en réttur til dánarbóta fellur niður að tveimur árum liðnum.

Tillaga #8

~~12. gr. Slysabætur {Felld út á aðalfundi VR 2022} Sjá eldri reglugerð hér~~

Skýring við tillögu #8:

Lagt er til að vísan í 12. gr. verði felld út en greinin sjálf var felld út á aðalfundi 2022. Verði greinin felld út, uppfærast númer á greinum sem á eftir koma.

Tillaga #9

17. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti

Núverandi hljóðan:

17. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta. Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili, eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrír mánuðir en við þriðja brot sex mánuðir. Réttur til bóta samkvæmt framansögðu er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram.

Verður:

167. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti

16.1 Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta **og innheimtukostnaðar**. ~~Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili, eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrír mánuðir en við þriðja brot sex mánuðir.~~ Réttur til ~~bóta samkvæmt framansögðu~~ **dagpeninga og annarra bóta** er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram.

16.2 Umsækjendur um sjúkradagpeninga þurfa að veita samþykki fyrir því að afla sé upplýsinga úr staðgreiðsluskrá Skattsins á meðan umsókn um sjúkradagpeninga er í gildi.

Skýring við tillögu #9:

Þessi tillaga einfaldar reglur sjóðsins þegar reynt er að afla dagpeninga með sviksamlegum hætti. Í fyrsta lagið er gert ráð fyrir því að sjóðnum verði heimilt að krefja bótaþega um innheimtukostnað auk dráttarvaxta. Þá er fellt úr gildi ákvæði sem gerir ráð fyrir mislöngum biðtíma eftir því að réttur til dagpeninga eða annarra bóta verði virkur á nýjan leik. Skerpt er á því að réttur til dagpeninga og annarra bóta sé háður því að ranglega greiddar bætur hafi verið endurgreiddar. Þá þurfi umsækjendur að veita samþykki fyrir því að sjóðurinn geti aflað upplýsinga úr staðgreiðsluskrá Skattsins til að sannreyna stöðu viðkomandi.

Tillaga #10

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði þessarar reglugerðar um heimild til að synja umsókn/greiðslu um sjúkradagpeninga skulu þau ákvæði ekki taka gildi fyrr en gerð hefur verið breyting á lögum ASÍ sem heimilar samsvarandi ráðstöfun.

Breytingar á gr. 9 og gr. 10 taka gildi 1. maí 2026.

Skýring við tillögu #10:

Tillaga #6 gerir ráð fyrir því að Sjúkrasjóði sé heimilt að fella niður dagpeningagreiðslur hafni umsækjandi starfsendurhæfingu sem metin sé raunhæf. Gera þarf breytingu á lögum Alþýðusambands Íslands til að ákvæðið geti tekið gildi en lögum sambandsins er breytt á þingum þess. Næsta þing ASÍ verður haldið í október 2026.

Um breytingar á starfsreglum Sjúkrasjóðs VR

Stjórn VR leggur til breytingar á starfsreglum Sjúkrasjóðs VR til samræmis við þær breytingar á reglugerð sjóðsins sem hér hafa verið kynntar. Starfsreglur sjóðsins eru ekki lagðar fyrir aðalfund til samþykktar en stjórn telur rétt að kynna helstu atriði þeirra samhliða breytingatillögum á reglugerðinni.

Helstu breytingatillögur á starfsreglum eru sem hér segir:

Greiðslutímabil:

Hvert samfellt greiðslutímabil dagpeninga verður 120 dagar á hverju tólf mánaða tímabili í stað 210 áður. Við langvarandi veikindi er heimilt að lengja greiðslutímabil dagpeninga í allt að 180 daga samtals ef brýn nauðsyn er til vegna sérstakra ástæðna og fjárhagur sjóðsins leyfir

Upphæð dagpeninga

Dagpeningar skulu, að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum frá Sjúkratryggingum Íslands, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.

Mat á starfsendurhæfingu

Sjúkrasjóður VR metur hvort senda eigi umsókn til starfsendurhæfingaraðila sem metur hvor starfsendurhæfing sé raunhæf. Ef umsækjandi hafnar starfsendurhæfingu er heimilt að hafna eða afturkalla umsókn um sjúkradagpeninga.

Dánarbætur eldri félaga

Heimilt er að greiða dánarbætur vegna þeirra sem látið hafa af störfum við 60 ára aldur eða síðar hafi það verið fullgilt félagsfólk í samfellt 5 ár áður en það lét af störfum. Réttur til dánarbóta eldra félagsfólks, eins og það er skilgreint í 3. gr. laga VR, er kr. 712.000. Dánarbætur eru greiddar vegna andláts VR félaga allt að 24 mánuðum eftir að viðkomandi varð eldri félagi.

Fæðingarstyrkur

Sjóðsfélagi sem er fullgildur félagi í VR og hefur greitt iðgjald til sjóðsins í 12 af síðustu 18 mánuðum fyrir fæðingu barns á rétt á fæðingarstyrk að upphæð kr. 100.000 vegna hvers barns. Styrkurinn nær einnig til ættleiðinga barna yngri en 18 ára. Foreldri/sjóðsfélagi þarf að vera í a.m.k. 75% fæðingarorlofi til að eiga rétt á styrk.